

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2022, föstudaginn 14. janúar 2021 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Guðmundur Birgir Ragnarsson, Arthúr Rúnar Guðmundsson og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir janúar 2022.

Sveitarstjórn leggur til að yfirfarinni skýrslu sveitarstjóra að rekstur verslunar í Grundarstræti verði í höndum núverandi rekstraraðila til 1. október 2022.

Sveitarstjórn leggur til að fyrirkomulag rekstrar verð óbreytt út sumarið 2022 á Eyrardalshúsi með framleigu til Félagar ehf.

Lagt fram til kynningar: Bréf sveitarstjóra til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna byggðakvóta.

2. Útboð Vegagerðarinnar vegna uppdælingar við Sundabakka og vegna landfyllingar sunnan Langeyrar.

Sveitarstjórn samþykkir fram komið tilboð frá Björgun og Vegagerðinni um hlut Súðavíkurhrepps í uppdælingu við Sundabakka til efnistöku í landfyllingu. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir og semja við Björgun.

3. Gjaldskrárbreytingar, aðalgjaldskrá og gjaldskrá byggingarfulltrúa.

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Grundarstræti 1-3. Ráðstöfun húsnæðis.

Vísað til bókuunar undir lið 1 í fundarboði. Lagt til að sömu rekstraraðilar hafi rekstur verslunar í Grundarstræti til 1. október 2022 að óbreyttu. Lagt til að húsnæði verði auglýst til leigu og rekstrar frá og með 1. október 2022.

5. Málefni slökkviliðs, sameining og ráðstöfun bifreiða.

Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóri athugi með hentuga aðstöðu fyrir gamla slökkvibílinn inn í Djúpi. Sveitarstjóra falið að klára sameiningu Slökkviliðs Súðavíkurhrepps við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar og Slökkviliðs Bolungarvíkurkaupstaðar.

6. Þriggja ára fjárhagsáætlun og staðfesting fjárhagsáætlunar Súðavíkurrepps 2022.
Fjárhagsáætlun 2022 staðfest með þeirri neikvæðu útkomu sem liggur fyrir. Staðfestingu þriggja ára áætlunar frestað til næsta reglulega fundar sveitarstjórnar.
7. 24. Fundur skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 12. janúar 2022.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerð án athugasemda.
8. Málafni dægradvalar og trúnaðarmál. Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri Súðavíkurskóla kemur inn á fund undir þessum lið.
Sveitarstjórn samþykkir að gjald vegna dægradvalar verði kr. 20.000.- á mánuði fyrir barn - fast án tillits til þess dagafjölda sem nýttur er og innifalin hressing.
Trúnaðarmál fært til trúnaðarmálabókar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:10

Karl Guðmundur Kjartansson

Karl S. Kjartansson

G. Birgir Ragnarsson

G. Birgir Ragnarsson

Arthur Rúnar G.
Arthúr Rúnar Guðmundsson

Asgeir Hólm Agnarsson
Asgeir Hólm Agnarsson

Samuel Kristjánsson
Samúel Kristjánsson
oddviti